




Árs- skýrsla 2025

Samferða til árangurs



Jón Gunnar Jónsson
forstjóri Samgöngustofu

Árið 2025 var mikilvægt ár í þróun Samgöngustofu. Markviss innleiðing nýrrar stefnu stofnunarinnar setti skýrari ramma utan um starfsemina og styrkti sameiginlegan skilning á hlutverki okkar, markmiðum og þeirri ábyrgð sem við berum gagnvart samfélaginu.

Á síðustu árum hefur starfsemi Samgöngustofu tekið talsverðum breytingum samhliða auknum kröfum um skilvirka stjórnsýslu, öfluga þjónustu og sífellt meiri nýtingu stafrænna lausna. Á árinu kom skýr stefna og forgangsröðun í góðar þarfir við að mæta áskorunum og nýta þau tækifæri sem felast í breytingum.

Bak við árangur stofnunarinnar stendur öflugt starfsfólk sem sýnir fagmennsku, frumkvæði og metnað í daglegum störfum. Það hefur verið ánægjulegt að sjá hvernig gildi Samgöngustofu hafa orðið sýnilegri í verkefnum, ákvarðanatöku og samstarfi þvert á starfsemina.

Ég vil þakka starfsfólki Samgöngustofu, samstarfsaðilum og öllum þeim sem eiga samskipti við stofnunina fyrir gott samstarf á árinu. Sameiginlegur árangur verður aðeins til þegar fólk vinnur saman að sameiginlegum markmiðum. Með þann anda að leiðarljósi höldum við áfram vegferðinni samferða.

Árið 2025 í hnotskurn

Samgöngustofa starfar samkvæmt lögum, reglugerðum og alþjóðlegum skuldbindingum Íslands á sviði samganga. Stofnunin fer með stjórnsýslu á sviði umferðar-, flug- og siglingamála og sinnir meðal annars leyfisveitingum, eftirliti, skráningum og miðlun upplýsinga. Starfsemin byggir á því að stuðla að öruggum samgöngum og veita almenningi, atvinnulífi og stjórnvöldum áreiðanlega þjónustu.

Árið 2025 einkenndist af markvissri innleiðingu á stefnu Samgöngustofu og áframhaldandi uppbyggingu í samræmi við hlutverk stofnunarinnar um að auka lífsgæði með öruggum samgöngum. Áhersla var lögð á öryggi í samgöngum, aðgengilega þjónustu, stafræna þróun og öflugt innra starf.

Tekin voru frekari skref í stafrænni vegferð stofnunarinnar. Meðal annars urðu öll ökuþrúf rafræn og áfram unnið að þróun stafrænnar þjónustu, nýtingu upplýsingakerfa og sjálfvirknivæðingu ferla.

Góð samvinna við hagaðila og menning stöðugra umbóta studdu við framfarir á mörgum sviðum. Jafnframt hélt Samgöngustofa áfram að efla vinnuumhverfi sitt og styðja við öflugt og metnaðarfullt starfsfólk.

Öryggi í samgöngum

Kjarninn í hlutverki Samgöngustofu er að stuðla að öryggi í samgöngum. Starfið miðar að því að draga úr slysum og alvarlegum atvikum í umferð, flugi og siglingum með því að skapa umgjörð sem styður við örugga starfshætti, góðar ákvarðanir og stöðugar umbætur.

Á árinu var áfram unnið samkvæmt öryggisáætlunum í öllum samgöngugreinum. Verkefnið spönnuðu allt frá daglegu eftirliti og leyfisveitingum til fræðslu, atvikaskráningar og samstarfs við innlenda og erlenda hagaðila.

Niðurstöður ársins voru ólíkar eftir samgöngugeirum og endurspegla að árangur í öryggismálum byggist á þróun yfir lengri tíma. Í sumum mælikvörðum sést jákvæð þróun en annars staðar voru niðurstöður yfir settum viðmiðum. Þær undirstrika mikilvægi þess að halda áfram markvissri vinnu að öruggari samgöngum í samstarfi við atvinnugreinar, stjórnvöld og almenning.


Öryggi í umferð

Á árinu var áfram unnið að því að efla umferðaröryggi með skráningu og greiningu slysa, eftirliti og aðgerðum sem stuðla að öruggri hegðun í umferðinni.

Fjöldi látinna og alvarlega slasaðra í umferð var 192 árið 2025, samanborið við langtímaviðmið ársins um 150. Niðurstaðan undirstrikar að fækkun alvarlegra slysa er áfram brýnt og viðvarandi verkefni, þar sem horfa þarf til þróunar yfir lengri tíma og síbreytilegra áskorana í umferðinni.

Meðal verkefna ársins voru herferðir og fræðsla fyrir ólíka hópa vegfarenda. Verkefnin beindust meðal annars að þreytu við akstur, farsímanotkun undir stýri, beltanotkun, öryggi barna og öryggi gangandi og hjólandi vegfarenda auk umferðarfræðslu fyrir börn og ungmenni. Þá voru fyrstu skrefin tekin í nýtingu gervigreindar við greiningu umferðarslysa.

Látirnir og alvarlega slasaðir í umferðinni




Öryggi í siglingum

Skráning og greining atvika gegnir mikilvægu hlutverki til að styðja við öryggi á sjó. Með markvissri miðlun upplýsinga, fræðslu og þróun öryggisstjórnunar er unnið að því að draga úr slysum og efla öryggismenningu til sjós.

Slys á sjómönnum voru 62 árið 2025, samanborið við viðmið um 138. Niðurstaðan var jákvæð miðað við markmið ársins og styður við áframhaldandi vinnu við að styrkja öryggi til sjós.

Á árinu var lögð áhersla á fræðslu og miðlun þekkingar til sjómanna og útgerða. Þar má nefna öryggismyndbönd í samstarfi við Landsbjörgu, könnun á öryggi og líðan sjómanna og útgáfu nýs fræðsluefnis um hættumat í skipum og notkun VHF-talstöðva. Jafnframt var áfram unnið að skráningu og greiningu atvika til að styðja við forvarnir og umbætur í greininni.

Látnir í sjóslysum




Öryggi í flugi

Áhættumiðað eftirlit, greining atvika og markviss öryggisstjórnun eru lykilþættir í starfi Samgöngustofu á sviði flugöryggis. Með samstarfi við innlenda og erlenda hagaðila er unnið að því að draga úr slysum og alvarlegum atvikum í flugi og styðja við stöðugar umbætur í greininni.

Tíðni flugslysa og alvarlegra atvika í flutningaflugi var 1,13 á hverjar 10.000 flughreyfingar árið 2025, samanborið við viðmið um 0,73. Í almannaflygi voru flugslys og alvarleg atvik 7, samanborið við viðmið um 8.

Á árinu var unnið að áframhaldandi þróun flugöryggisáætlunar Íslands og verkefnaáætlunar hennar í samræmi við evrópsk viðmið. Lögð er áhersla á nýtingu gagna úr atvikaskráningu til að styðja við áhættumiðað eftirlit, úttektir og forvarnir. Með því er leitast við að styrkja öryggismenningu í flugi og tryggja að Ísland uppfylli alþjóðlegar kröfur á sviði flugöryggis.

Alvarlega atvik í flutningaflugi á hver 10.000 flug



Þjónusta, þróun og innra starf

Samgöngustofa vinnur stöðugt að því að bæta þjónustu við almenning, atvinnulíf og aðra hagaðila. Markmiðið er að þjónustan sé aðgengileg, upplýsingar skýrar og ferlar eins einfaldir og kostur er.

Árið 2025 hélt þróun á stafrænum lausnum áfram, svo og innri vinnuferlum samhliða innleiðingu stefnu stofnunarinnar. Jafnframt var unnið að því að efla vinnuumhverfi og styrkja umbótamenningu.

Aðgengileg þjónusta

Á árinu var áfram unnið að því að bæta þjónustu Samgöngustofu og gera samskipti við stofnunina einfaldari og markvissari. Þjónusta við almenning, atvinnulíf og hagaðila byggir á skýrum upplýsingum, skilvirkum ferlum og góðri samvinnu þvert á svið stofnunarinnar.

Innleiðing þjónustukerfisins Zendesk hélt áfram á árinu með áherslu á deildir sem sinna daglegum og umfangsmiklum samskiptum við notendur. Kerfið var að fullu innleitt hjá tveimur deildum og að hluta til hjá tveimur öðrum.


Ánægja viðskiptavina mældist 4,17. Góð samvinna við hagaðila er mikilvægur þáttur í starfseminni og styður við traust, skýrari samskipti og betri þjónustu.

Stafræn þróun og skilvirkari ferlar

Stafræn þróun var áfram eitt af lykilviðfangsefnum ársins. Meðal margvíslegra áfanga var rafræn próftaka í bóklegum prófum fyrir aukin ökuréttindi innleidd að fullu. Þar með eru öll bókleg ökuþróf orðin rafræn. Verkefnið stuðlar að skilvirkari framkvæmd prófa og styður við áframhaldandi þróun stafrænnar þjónustu.

Áfram var unnið að nýjum og bættum stafrænum lausnum, meðal annars þjónustu á Ísland.is, hnippum og pósthólfi, leyfiskerfi, rafrænum forskráningum og sjálfvirknivæðingu í upplýsingavinnslu. Slík verkefni miða að því að nútímavæða ferla, bæta aðgengi að þjónustu og nýta gögn og kerfi betur í daglegri starfsemi.

Ánægja hagaðila með starfseminna




Fólkið og innra starf

Öflugt starfsfólk er forsenda þess að Samgöngustofa geti sinnt fjölbreyttum verkefnum sínum og þróað þjónustu sína áfram. Á árinu var unnið að því að efla vinnuumhverfi, styðja við starfsfólk og styrkja innra starf stofnunarinnar.

Starfsánægja mældist 4,10 og jafnréttisvísitala 4,44. Unnið var áfram að heilsu- og vinnuvernd, áhættumati starfsumhverfis og þróun verkferla sem styðja við faglegt og jákvætt starfsumhverfi. Menning stöðugra umbóta var einnig í forgrunni, þar sem innri ábendingar eru nýttar til að bæta góðan vinnustað.

Uppbygging á sameiginlegri ásýnd Samgöngustofu hélt áfram með ljósmyndaverkefni þar sem starfsfólk situr fyrir á myndefni stofnunarinnar. Verkefnið byggir á þeirri sýn að starfsfólkið sé jafnframt notendur samgangna og hluti af því samfélagi sem stofnunin þjónar. Myndefnið hefur styrkt ásýnd stofnunarinnar og stuðlað að aukinni þátttöku og samkennd innan starfshópsins.

Ánægja starfsfólks samkv. viðhorfskönnun



Yfirlit um afkomu ársins 2025

Tekjur
Tekjufærsla fjárveitinga.....
Seld þjónusta.....
Vörusala.....
Framlög og ýmsar tekjur
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára.....
Tekjur samtals

Gjöld
Framlög og tilfærslur.....
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður.....
Annar rekstrarkostnaður
Afskriftir og niðurfærslur
Gjöld samtals

Afkoma fyrir fjármagnsliði
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap.....
Afkoma ársins

Afkoma ársins skiptist þannig eftir fjárheimildaliðum
Rekstur
Rekstrartilfærslur

2025	2024
1.464.600.000	1.374.300.000
1.607.419.754	1.529.257.305
373.540.171	322.225.111
23.443.399	21.342.722
35.961.461	35.731.751
3.504.964.785	3.282.856.889
166.667	543.991
2.500.150.162	2.364.763.161
836.347.804	863.844.853
35.961.461	35.731.751
3.372.626.094	3.264.883.756
132.338.691	17.973.133
6.734.580	4.758.025
(3.285.614)	(10.002.574)
3.448.966	5.244.549
135.787.657	12.728.584
135.454.324	12.772.575
333.333	43.991
135.787.657	12.728.584

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

	31.12.2025	31.12.2024
Eignir		
Handbært fé.....	282.729.210	581.862.117
Viðskiptakröfur.....	336.996.044	321.533.473
Tengdir aðilar	1.439.169.773	993.707.207
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	19.955	44.805.524
Birgðir	20.186.266	26.431.962
Varanlegir rekstrarfjármunir.....	66.502.150	82.151.487
Óefnislegar eignir	51.242.806	56.950.647
Eignir samtals	2.196.846.204	2.107.442.417
Skuldir		
Tengdir aðilar	457.708	1.782.775
Viðskiptaskuldir	58.201.256	9.290.551
Ýmsar skammtímaskuldir.....	258.096.786	335.348.824
Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda.....	103.830.258	120.591.719
Skuldir samtals	420.586.008	467.013.869
Eignir að frádregnum skuldum samtals	1.776.260.196	1.640.428.548
Eigið fé		
Hrein eign	241.382.177	105.550.529
Bundið eigið fé	1.534.878.019	1.534.878.019
Eigið fé samtals	1.776.260.196	1.640.428.548
Eigið fé og skuldir samtals	2.196.846.204	2.107.442.417



Samgöngustofa